

ast, að rekstur málsins í hjerði ekki er vítaverður og að sókn og vörn í því fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Bjarni Davíðsson á að vera sýkn af kærum sóknarans í þessu máli. Allur af sökinni leiðandi kostnaður fyrir báðum dómum, þar á meðal málflytningu til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Nr. 15 1890.

Hið opinbera

gegn

Daníel Jakob Gaard, Johannes Jensen,  
Christian Michelsen, Thomas P. Niel-  
sen og Morten F. Nielsen.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað fyrir aukarjetti Sudurmúla-  
sýslu gegu hinum kærða Daníel Jakob Gaard fyrir það,  
að hann hafi um miðnætti hinn 28.--29. maím. f. á. ver-  
ið með byssu upp í friðlýstri æðarvarpseju «Andey», sem  
heyrir undir Kolfreyjustað, svo og gegn honum og hásetum  
hans, Johannes Jensen, Christjan Michelsen, Thomas P.  
Nielsen og Morten F. Nielsen, fyrir það, að megn  
grunur hvíli á þeim um, að þeir hafi um sama  
leyti rænt svokallað «Æðarsker», sem einnig er frið-  
lýst varpland Kolfreyjustaðar. Málið var dæmt í auka-  
rjetti Sudurmúlasýslu 12. júlímán. f. á., á þá leið,

að hinir kærðu voru sýknaðir, þó svo; að þeir in solidum skyldu greiða allan málskostnað, þar með talin málflytningu-laun í hjerði 10 kr. Dóminum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins bæði af hálfu hins opinbera og eptir ósk hinna kærðu.

Þó að álíta mætti sannað, að hinn kærði Daníel Jakob Gaard hafi komið með byssu í hendi upp í «Andey» nóttina 28.—29. maím, f. á., eins og tvö vitni hafa borið fyrir rjetti og staðfest með eiði, en hann á hinn bóginn hefur þverlega synjað fyrir, þá hefur hann þó eigi með því, gjört sig sekan í broti á friðunar- og veiðilögum landsins, úr því að hann eigi gjörði neinn usla eða óspektir í eygni, en eptir skýrslum málsins er það ljóst, að enginn usli hefur verið gjörður í eygni við þetta tækifæri.

Að hinn ákærði eða hinir meðákærðu hásetar hans hafi rænt «Æðarsker» í fyrra vor er gegn neitun þeirra eigi sannað eða í minnsta máta gjört sennilegt; það verður því að sýkna hina kærðu eins og hjeradsdómarinn hefur gjört, fyrir ákæru hins opinbera, og þykir eigi ástæða til þess að láta þá greiða málskostnað. Kostnaðinn verður því að dæma á almannaþje, þar með talin málflytningu-laun til verjanda í hjerði og sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þessara.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir kærðu Daníel Jakob Gaard, Johannes Jensen, Christian Michelsen, Thomas P. Nielsen og Morten F. Nielsen eiga að vera sýknir fyrir kæru hins opin-

bera í máli þessu. Allur sakarkostnaður bæði í hjerði og fyrir yfirdómi greiðist af almannaþje, þar með talin málflytningu-laun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Briem, og Guðlaugs Guðmundssonar og til verjanda í hjerði, verzlunarmanns Ólafs Davíðssonar, 10 kr. til hvers þeirra.

Nr. 18/1890.

Rjettvísín  
gegn  
Sigtryggi Ísleifssyni.

#### Ú r s k u r ð u r:

Áður en fullnaðardómur verður lagður á mál þetta, þykir nauðsynlegt, að útvegaðar sju eptirnefndar skýrslur til upplýsingar í því:

1. Staðfest eptirrit af lögtaksgjörð þeirri, sem sagt er að fram hafi farið á Hrappsstöðum vorið 1888.

2. Staðfest eptirrit af uppboðsgjörðum þeim, er fram áttu að fara sama staðar haustið 1888, svo framfarlega nokkuð hefur verið bókað um uppboðstilraunir þessar.

3. Skýrsla hlutadeigandi hreppstjóra fengin fyrir rjetti, um það, sem gjörðist á Hrappsstöðum við þessi tækifæri, þegar lögtakið var framkvæmt og þegar uppboðin voru reynd, sjerstaklega um framkomu hins ákærða þar.

4. Áreiðanleg skýrsla um það, hve langt leið frá því, að hið síðara uppboðið var reynt, og þangað til ákærði fargaði hinni lögteknunni hryssu.